

Yfirlit

um helstu gerðir sem samþykktar voru innan ESB á tímabilinu 1. febrúar til 31. maí 2015 og kunna að varða EES-samninginn (eftir viðaukum)

Viðauki IX – Fjármálaþjónusta

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt reglugerð um millibankagjöld vegna kortagreiðslna, en reglugerðin setur þak á heimila gjaldtöku, sem miðast við 0,2% af upphæð í tilviki debetkorta og 0,3% í tilviki kreditkorta.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-15-4585_en.htm

http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.L_.2015.123.01.0001.01.ENG

Viðauki IX.III: Fjármálaþjónusta - Verðbréfaþing og verðbréf

Evrópuþingið og ráðið hafa samþykkt reglugerð um fjárfestingarsjóði sem fjárfesta til langs tíma. Með gerðinni er komið á nýju sjóðsfyrirkomulagi til að örva langtímafjárfestingar.

<http://www.consilium.europa.eu/en/press/press-releases/2015/04/20-long-term-investment-funds/>

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32015R0760&from=EN>

Viðauki XX.I: Umhverfismál – I. almennt

Evrópusambandið hefur samþykkt tilskipun sem gerir aðildarríkjum ESB það kleift að lögsækja og sekta ökumenn bifreiða sem eru skráð í öðru aðildarríki en þar sem umferðarlagabrotin voru framin. Hingað til hafa aðildarríkin þurft að gera tvíhliða eða fjölbjóðasamninga þess efnis en slíkir samningar ráða ekki lengur við æ flóknari umferðarlagabrot af þessu tagi.

<http://etsc.eu/faq-eu-cross-border-enforcement-directive/>

Viðauki XX.IV: Umhverfismál – Efni, áhætta í iðnaði og líftækni

Evrópusambandið hefur samþykkt tilskipun sem varðar möguleika aðildarríkja ESB á að takmarka eða banna ræktun erfðabreyttra lífvera á yfirráðasvæði sínu.

http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=OJ:JOL_2015_068_R_0001